



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
3.11.	Gsió	16 NOV. 2016
Ábm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
RÁ	St A	16 11 099

Akranesi 14. nóvember 2016

Til bærstjórnar Akraneskaupstaðar

Frá skólameistara Fjölbrautaskóla Vesturlands

Efni: Ósk um framlag til tækjakaupa

Ágætu viðtakendur

Sveitarfélög sem aðild eiga að samningi um Fjölbrautaskóla Vesturlands hafa tekið þátt í kostnaði við tækjakaup fyrir skólann og þökkum við þann stuðning sem er mikils virði.

Leggja þarf rækt við iðn- og verkmenntun og skólinn fór af stað með málmiðngreinaátak á vorönn 2016. Mikil þörf er á endurnýjun tækjabúnaðar og aðstöðu fyrir málmiðngreinar. Innan FVA búa málmiðngreinar nú við gamlan búnað. Miklar tækniframfarir á síðustu árum hafa leitt til þess að nauðsynlegt er fyrir skólann að fjárfesta í nýjum tækjabúnaði fyrir málmiðngreinadeild skólans.

Við þurfum að leggja rækt við málmiðngreinar og tryggja að þær verði áfram mikilvæg stoð í atvinnulífi Vesturlands og séu ein af forsendum fyrir auknum tækifærum í iðn- og verkmenntun og menntun á háskólastigi. Þannig fléttast saman mennta- og atvinnumál.

Fjölbrautaskóli Vesturlands býður upp á gott og vandað nám í iðn- og verkgreinum og tilkoma nýrra fyrirtækja á Grundartangasvæðinu mun enn auka þörfina fyrir iðn- og verkmenntað fólk. Við sjóndeildarhringinn eru ný og spennandi tækifæri og því nauðsynlegt að stjórnvöld, sveitarfélög og fyrirtæki á Vesturlandi taki höndum saman í átaki um endurnýjun aðstöðu og búnaðar við málmiðngreinadeild Fjölbrautaskóla Vesturlands Akranesi.



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Þau tæki sem skólinn þarf m.a. að setja í forgang á næstu tveimur önnum eru:

Rennibekkur CNC	5.000.000 kr.
Fræsivél CNC	5.725.500 kr.
Verkfæri CNC vélar	1.500.000 kr.
Suðuhermir	1.500.000 kr.
Stýri og vökvatækni	3.500.000 kr.
TIG/Rafsuða	1.200.000 kr.
MIG/MAG þráðsuða	250.000 kr.
Bandsög	380.000 kr.
Loftpressa	700.000 kr.

Á fundum í fulltrúaráði hefur verið lagt til við fulltrúa sveitarfélaganna að þeir mæli með því við sveitarstjórnir að þær veiti skólanum styrk til tækjakaupa. Nú biðlum við til Akraneskaupstaðar með styrk til þeirra tækja sem við setjum í forgang.

Við vonum að þetta erindi fái jákvæðar undirtektir hjá bæjarstjórn Akraneskaupstaðar.

Með bestu kveðju,

Ágústa Elín Ingbórsdóttir, skólameistari